

30. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 13. september 2011, kl. 20.30, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir: Af hálfu stjórnar FSÍ: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, og Gunnar Jónsson almannatengslafulltrúi.

Af hálfu tækninefndar karla í áhaldafimleikum: Axel Bragason. Aðrir úr tækninefndinni boðuð forföll.

Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi mætir kl. 20.22.

Á 28. stjórnarfundum FSÍ, þann 5. september sl., var tekið fyrir bréf tækninefndar í áhaldafimleikum karla (tk) til stjórnar, sbr. lið 4 í fundargerð stjórnar. Á framangreindum fundi var ákveðið með vísan til 11. töluliðar 1. gr. reglugerðar FSÍ að boða til fundar stjórnar og tk. vegna þeirrar stöðu sem komin er upp varðandi störf nefndarinnar, þar sem leitast verði við að ná sáttum og var framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins við fyrsta tækifæri.

Formaður FSÍ bauð fundarmenn velkomna og greindi frá því að tilefni fundarins sé bréf tk. til stjórnar, dags. 31. ágúst sl., og tölvupóstur tk. til stjórnar frá 12. september sl. Formaður fór yfir efni framangreindra bréfa, afgreiðslur stjórnar og rök, sbr. lið 4 í fundargerð 28. stjórnarfundar og lið 2 í fundargerð 27. stjórnarfundar.

Þá gaf formaður FSÍ formanni tk. kost á að tjá sig um málið og útskýra afstöðu nefndarinnar. Fram kom hjá formanni tk. að ástæða þess að hann mæti einn á fundinn vera þá að ákveðin hluti nefndarmanna hafi ekki séð tilgang í að mæta á fundinn en hluti þeirra hafi ekki haft tækifæri til að mæta á fundinn. Fram kom hjá formanni tk. að það sé mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði um skyldumætingu í dómaraþróf í íslenska fimleikastiganum að viðlögðum missi réttar til að dæma á mótum á komandi keppnistímabili. Tk sé ósamþykkt afgreiðslu stjórnar á málinu og tilefni bréfs tk til stjórnar hafi verið að fá stjórn til að endurskoða ákvörðun sína. Formaður tk. mótmælit þeirri túlkun stjórnar að bréfið frá 31. ágúst 2011 feli í sér hótanir en hins vegar sé ekki ástæða til að gera breytingar á íslenska fimleikastiganum ef ákvæðið um skyldumætingu á prófi fái ekki samþykkt.

Formaður FSÍ lagði til að tk starfaði eftir samþykktum stjórnar, sbr. lið 2 í fundargerð 27. stjórnarfundar, og héldi dómaraþróf í haust, en tillaga tk. um skyldumætingu á dómaraþróf að viðlögðum missi réttar til að dæma á komandi keppnistímabili, yrði rædd

á komandi fimleikabingi í lok janúar nk., og að formaður tk. hefði veg og vanda að undirbúning þeirrar tillögu og stýrði nefnd þeirri sem fjallaði um málið á þinginu. Formaður tk. kvaðst þurfa að bera það undir nefndarmenn hvort þeir vildu starfa í samræmi við ákvarðanir stjórnar fram að næsta fimleikabingi, þeirri spurningu gæti hann ekki svarað á fundinum.

Rætt var um tölvupóst tk. til stjórnar frá 12. september og baðst formaður tk. afsökunar á ummælum í póstinum.

Formaður tk. vék af fundi meðan stjórn fór yfir málið. Eftirfarandi bókun var samþykkt og kynnt formanni tk. sem kom aftur inn á fundinn.

Er tækninefnd í áhaldafimleikum karla tilbúin til að starfa áfram fram að næsta fimleikabingi eftir því sem hér er nánar rakið.

- 1) Halda dómaramámskeið í haust án þess að sett verði skilyrði um skyldumætingu þeirra sem hafa gild dómaramámskeið til 2012 að viðlöguðum missi réttar til að dæma á mótum á keppnistímabilinu eins og samþykkt var á 27. stjórnarfundum þann 26. ágúst sl.
- 2) Fylgja samþykkt stjórnar um breytingar á fimleikastiganum sem samþykkt var á 28. stjórnarfundum þann 5. september sl. þannig að dæmt verði eftir breyttum stiga á komandi keppnistímabili.
- 3) Fara eftir skyldum þeim sem kveðið er á um í 2. tölulið 1. greinar reglugerðar FSÍ. „Að tilnefna dómara í landskeppnir og sjá um mót á vegum FSÍ hvað viðkemur dómurum.“

Svar berist stjórn eigi síðar en klukkan 15.00 mánudaginn 19. september nk.

Sé nefndin ekki tilbúin til að starfa áfram eins og að framan er rakið, sér stjórn sig tilknúna til að leysa nefndina frá störfum og tilnefna nýja menn í tækninefnd karla í áhaldafimleikum fram að næsta fimleikabingi í janúar 2012.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 19. september nk. 16.15

Fundi slitið kl. 21.45

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð